


Rosahringur minni

Skrifað af Strandagaldur
Mánudagur, 14. Nóvember 2005 12:43

Rosahringur er ristur á mórautt hundtíkarskinn holdrosamegin. Í skurðinn er borið blóð úr svörtum fressketti sem skorinn hefur verið á háls með fullu tungli.



Rosahringur minni

Stafurinn er góður varnarstafur gegn uppvakningum, sendingum og galdri. Við notkun hans er gott að hafa þetta yfir:

Komi mér hjálp af jörðu, sigur af sólu, sæla af tungli, stoð af stjörnum og styrkur af englum drottins.

Ef nota á stafinn til að reka út eldglæringadraum eða djöful þá á að hrækja, skvetta keytu og ota skinninu með þessum orðum:

Undan vindi vondan sendi, óskir ferskar raski þrjóskum, galdurs eldur gildur holdið, grenni kenni og innan brenni. Eyrin dára örin særi, eitrið ljóta, bíti hann skeytið, allur fyllist illum sullum, eyði kauða bráður dauði.